



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

Málþing safnaráðs um söfn og ferðapjónustu
18. nóvember 2016
Skýrsla

Safnaráð – mars 2017
Skýrsluhöfundur: Sigurlaug Dagsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Dagskrá málþingsins	5
Fyrirlestrar og umræður málþingsins	7
1. Ávarp Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra	7
2. Sigurjón Baldur Hafsteinsson: Söfn og ferðaþjónusta. Skýrsla Rannsóknarseturs í safnafræðum og Hagfræðistofnunar Íslands	9
Samspil safna og ferðaþjónustu í opinberri stefnumótun	10
Hagræn greining á þætti safna í hagkerfinu	11
Viðhorfskannanir	12
3. María Reynisdóttir, sérfræðingur hjá atvinnuvegaráðuneytinu: Söfn og ferðaþjónusta – vantar púsl?	14
4. Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu: Söfn og markaðssetning Íslands sem áfangastaðar.	19
Umræður fyrir hlé – samantekt	22
5. Sigrún Þormar, stjórnarmaður í Samtökum um söguferðaþjónustu	24
6. Kristján Guðmundsson, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Vesturlands.	26
7. Helga Maureen Gylfadóttir, formaður Félags íslenskra safna og safnmanna: Að brúa bilið, söfn og ferðaþjónusta	28
8. Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga	31
Samantekt	34
Lokaorð	36

Samvinna safna og ferðapjónustu hafa verið safnmönnum huglæg í áraraðir, enda eru söfn vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Á síðustu árum hefur borið enn frekar á þörf á umræðu um samstarf í ljósi stóraukins straums erlendra ferðamanna til landsins, sem að einhverju leyti hafa ekki skilað sér í heimsóknir á söfn á landinu. Í ljósi þess ýtti safnaráð úr vör rannsókn um samspil safna og ferðapjónustu árið 2015 og í kjölfar hennar hélt safnaráð málþing um sama efni haustið 2016.

Safnaráð vill þakka þeim aðilum sem stóðu að undirbúningi þessa málþings og lögðu sitt af mörkum til að það yrði að veruleika. Bestu þakkir til þeirra sem fluttu erindi á málþinginu og studdu þar með við fyrstu skref í átt að skilvirkara og betra samtals á milli ferðapjónustuaðila og aðila innan safnasviðsins á Íslandi. Safnaráð þakkar undirbúningshópnum sérstaklega fyrir vel unnin störf. Einnig ber sérstaklega að nefna þakkir til Samtaka íslenskra sveitafélaga, Íslandsstofu og Þjóðminjasafn Íslands.

Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs.

Inngangur

Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands unnu að beiðni safnaráðs rannsókn á samspili safna og ferðapjónustu á árinu 2014 og voru niðurstöður rannsóknarinnar kynntar í skýrslunni *Söfn og ferðapjónusta* sem kom út í október 2015. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að greina stöðu og hagræn áhrif menningartengdrar ferðapjónustu, með áherslu á söfn og safntengda starfsemi, og að framkvæma viðhorfskannanir meðal hagsmunaaðila á sviði safna og ferðapjónustu. Í skýrslunni var horft til þriggja þátta; samspils safna og ferðapjónustu í opinberum gögnum, hagræns framlags safna og safntengdrar starfsemi og loks viðhorfa hagsmunaaðila (menningarfulltrúa, markaðsstofa, aðila í ferðapjónustu og safna og safntengdrar starfsemi). Rannsóknin varpaði ljósi á stöðu og tækifæri til frekari þróunar á sviði safnamála og ferðapjónustu. Einnig dró hún fram meginþætti sem eru mikilvægir við árangursríka framkvæmd á safntengdri starfsemi í tengslum við ferðapjónustu og benti á skort á þekkingu og skilningi meðal hagsmunaaðila.

Vísbendingar voru til þess að skortur væri á samtali milli safna og safntengdrar starfsemi við ferðapjónustuaðila. Einnig skortir á opinbera stefnumótun sé sérstaklega litið til safna og safntengdrar starfsemi sem mikilvægra þátttakenda í ferðapjónustu. Niðurstöður Hagfræðistofnunar benda til þess að umfang safnageirans hafi aukist á síðustu árum, til að mynda hefur safngestum fjölgað um 90% frá 1996. Ríkisframlög til svokallaðra ferðamannasafna eru yfir milljarður króna á ári en hefur farið lækkandi að raunvirði á síðustu árum. Í fjórum viðhorfskönnunum sem gerðar voru meðal menningarfulltrúa, markaðsstofa, ferðapjónustuaðila, safna og safntengdrar starfsemi kemur fram að á sama tíma og söfn eru talin mikilvægur þáttur í ferðapjónustu þá virðast hlutverk og staða safnanna innan greinarinnar veik. Ferðapjónustuaðilar virðast ekki nýta fjölbreytni íslenskra safna heldur beina heimsóknnum sínum til fárra aðila. Þá virðast söfn mega bæta ýmsa þætti í starfsemi sinni til að koma betur til móts við vaxandi straum ferðafólks. Þótt markvert starf hafi verið unnið undanfarin ár í málefnum ferðapjónustu og safna skortir grundvöll og heildræna sýn þeirra aðila sem koma að samþættingu beggja málaflokka.

Rannsóknin er sérstaklega miðuð að því að gagnast opinberum aðilum sem snerta á stefnumótun er varðar söfn og safntengda starfsemi, s.s. safnaráði, ráðuneyti og sveitastjórnnum, stofnunum og markaðsstofum í ferðapjónustu eins og Ferðamálastofu og Stjórnstöð ferðamála og Íslandsstofu, samtökum á sviði ferðapjónustu s.s. Samtökum ferðapjónustunnar (SAF) og Ferðamálasamtökum Íslands, aðilum sem starfa innan safna og ferðapjónustu, auk samtaka á sviði menningar- og safnamála sem og fræða- og menntastofnunum.

Í lok skýrslunnar er ítarlega farið yfir tillögur að úrbótum er tengjast stefnumótun á sviði safna og ferðapjónustu. Þar er t.d. nefnt að huga þurfi að öflugra samráði meðal safna og hagsmunasamtaka á sviði ferðapjónustu. Samkvæmt skilgreindu hlutverki safnaráðs á það að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu, vinna að stefnumörkun um safnastarf, fjalla um stofnskrár og viðurkenningar safna og veita umsagnir um styrkumsóknir í safnasjóð. Það er því ljóst að safnaráð hefur mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að stefnumörkun varðandi söfn og ferðapjónustu og að auka á samstarf og samtal milli aðila sem að starfa innan þessara sviða.

Þann 18. nóvember var haldið málþing á vegum safnaráðs í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Málþingið var haldið í samstarfi við Samband Íslenskra sveitafélaga og Íslandsstofu og var styrkt af Þjóðminjasafni Íslands. Málþinginu var ætlað að vera skref í að efla og styrkja stöðu safna og tengdrar starfsemi innan ferðaþjónustu á Íslandi. Sett var á fót nefnd á vegum safnaráðs sem ætlað var að annast undirbúning málþingsins. Til starfa í nefndinni voru kallaðir til aðilar á vegum stofnanna og stjórnarsýslu sem á einn eða annan hátt tengjast söfnum og ferðaþjónustu.

Í nefndinni sátu:

- Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs.
- Kristjana Rós Guðjohnsen, verkefnastjóri ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu.
- Sif Jóhannesdóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga.
- Magnús Karel Hannesson, sviðstjóri rekstrar- og útgáfusviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sigurlaug Dagsdóttir, nemi í safnafræði við Háskóla Íslands kom einnig að undirbúningi og var ritari málþingsins.

Nefndin hóf störf á haustdögum og gekk undirbúningur vel. Markmið málþingsins var að kalla að borðinu aðila sem á einhvern hátt tengjast söfnum, safntengdri starfsemi, ferðaþjónustu og stefnumörkun á sviði ferðaþjónustu á Íslandi. Boðað var til málþingsins 10. nóvember og var skráning og þátttaka afar góð en yfir 80 manns sóttu málþingið. Málþingið var tekið upp en einnig sent beint út á vef Íslandsstofu, en það gaf áhugasömum sem ekki höfðu færi á að sækja málþingið tækifæri til kynna sér það.

Dagskrá málþingsins:

13:00 Setning málþings – Ávarp Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra.

13:15 Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor í safnafræði og framkvæmdastjóri hjá Rannsóknarsetri í safnafræðum.

13:25 Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður hjá Rannsóknarmiðstöð ferðamála.

13:35 María Reynisdóttir, sérfræðingur hjá atvinnuvegaráðuneytinu.

13:50 Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu.

14:10 Fyrirspurnir og umræður.

14:30 Kaffihlé.

14:45 Sigrún Þormar, stjórnarmaður í Samtökum um söguferðaþjónustu.

15:00 Kristján Guðmundsson, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Vesturlands.

15:15 Helga Maureen Gylfadóttir, formaður Félags íslenskra safna og safnmanna.

15:30 Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

15:45 Fyrirspurnir og umræður.

16:00 Léttar veitingar.

Fundarstjóri málþingsins var Sif Jóhannesdóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga.

Af óviðráðanlegum orsökum féll fyrirlestur Guðrúnar Þóru Gunnarsdóttur niður.

Fyrirlestrar og umræður málþingsins

1. Ávarp Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra

Í upphafi ræddi ráðherra þær breytingar sem að íslenskt samfélag og efnahagslíf hefur gengið í gegnum á undarförnum misserum vegna aukinna umsvifa í ferðaþjónustu. Breytingar sem teljast verður með þeim mestu í sögu Íslands. Ráðherra taldi málþing sem þetta því brýnt enda væri þar til umfjöllunar málefni sem honum væri umhugað um, söfn og ferðaþjónusta og þá um leið íslensk menning.

Við gríðarlega aukinn ferðamannastraum til Íslands hefur gjaldeyrisöflun þjóðarinnar breyst til muna og í tengslum við þann veruleika stendur íslenska þjóðin frammi fyrir nýjum vandamálum. Ráðherra lagði áherslu á að þær ákvarðanir sem við tökum núna móti hvernig við tökumst á við framtíðina. Samfélög þar sem að ferðaþjónusta hefur orðið undirstöðuáttvinnugrein hafa sum hver orðið láglaunasamfélög sem engan veginn endurspeglar þann fjölda ferðamanna sem þangað kemur og þeirra ávaxta sem slík samfélög ættu að njóta.

Hér á landi hefur gengi íslensku krónunnar styrkst á meðan það hallar á fyrirtæki sem að stunda útflutning svo sem fyrirtæki í sjávarútvegi og hátæknifyrirtæki, þ.e. virðisaukandi starfsemi sem byggir á útflutningi. Við búum því við sömu hættu og annarsstaðar að mati ráðherra, þ.e. þá hættu að samfélag sem hvílir eingöngu á ferðaþjónustu verði láglaunasamfélag. Því skiptir sköpum hvernig íslenskt samfélag tekst á við þessa nýju stöðu og ákveði hvaða leiðir það kýs að fara.

Ráðherra benti á að sem samfélag bjóðum við upp á einstaka og ókeypis upplifun ferðamanna í íslenskri náttúru en um leið verður að byggja upp og huga að innviðunum. Ráðherra lagði áherslu á að undirbúa söfn til þátttöku í þessari þróun. Taldi hann að mikilvægi safna væri öllum ljóst, þ.e. það hlutverk sem þau hafa í sjálfsmyndarsköpun þjóðarinnar, og að sú mynd og saga sem þau draga upp væri aðgengileg þeim sem hingað koma. Ráðherra taldi mikilvægt að söfnin stæðu vörð um hina raunsönnu mynd, þ.e. að þau samþætti raunveruleikann og upplifun gesta. Þá

benti ráðherra á að ferðaþjónustan og þeir aðilar sem sinna upplifun ferðamannsins verði að varast að draga upp goðsagnakennda mynd sem ekki stenst raunveruleikann. Þar gegna söfnin lykilhlutverki, að miðla til þeirra sem hingað sækja hver þessi þjóð er sem tekur á móti þeim, hver saga hennar er og sjálfsmynd og hverjar hugmyndir okkar eru um samfélagið. Því skiptir máli hvaða ákvarðanir íslenskt samfélag taki núna þegar við stöndum á þessum tímamótum.

Ráðherra ræddi því næst hugtök varðandi menningartengda ferðaþjónustu líkt og söfn og sýningahald. Hann taldi ástæðu til að velta þeirri spurningu upp hvort gera þyrfti betri og skýrari greinarmun á slíkri starfsemi þegar kæmi að úthlutun fjármagns frá ríkinu, sérstaklega í ljósi þeirrar þjónustu sem söfnun er skylt að veita. Eins væri ástæða til að velta því fyrir sér hvort að taka þyrfti sérstaklega á úthlutun fjármagns til safna í tengslum við ferðaþjónustu, hvert það ætti að rata og í hvaða tilgangi það skyldi notað. Ráðherra taldi að varast bæri svokallaða *Disney-væðingu* undir nafni menningar og því væri brýnt að söfn sem og aðrir á safnasviðinu veltu því fyrir sér hvað það væri sem þeim bæri að miðla.

Ráðherra lagði þó áherslu á að nú þegar væri til staðar ágætur grunnur í því lagaverki er snýr að söfnum sem náí utan um það er varðar söfn og ferðaþjónustu. Hann taldi þó að gæta þyrfti að því að lagaverkið fylgdi tímanum og gæfi þeim sem fara fyrir söfnum tækifæri til að bregðast við og þróast með tilliti til ferðaþjónustu. Eitt af því sem ráðherra taldi hvíla á safnmönnum var spurningin um gjaldtöku inn á söfnin, hvað væri eðlilegt og rétt er það varðar, þ.e.a.s. hvort eigi að taka upp gjald og hversu hátt það eigi að vera og hvenær gjaldtakan væri farin að vinna á móti skyldum og hlutverki safna. Ráðherra taldi nauðsynlegt að vanda til á þessum tímamótum því að þær ákvarðanir sem teknar væru núna muni skilgreina íslenskt samfélag næstu árin. Hann vildi að lokum taka fram að hann beindi þessari umræðu til arftaka síns í embætti og legði áherslu á að huga verði vel að þeim sóknarfærum sem felast í því er varðar söfn og ferðaþjónustu.

2. Sigurjón Baldur Hafsteinsson: Söfn og ferðapjónusta. Skýrsla Rannsóknarseturs í safnafræðum og Hagfræðistofnunar Íslands

Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor í safnafræðum við Háskóla Íslands og framkvæmdastjóri Rannsóknarseturs í safnafræðum, kynnti helstu niðurstöður skýrslu Rannsóknarseturs í safnafræðum og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem bar yfirheitið *Söfn og ferðapjónusta*. Skýrslunni var skilað til safnaráðs í nóvember 2015.

Forskrift skýrslunnar byggði á þremur meginmarkmiðum:

- Að greina stöðu menningartengdrar ferðapjónustu, með sérstaka áherslu á söfn og safntengda starfsemi.
- Að greina hagræn áhrif menningartengdrar ferðapjónustu, með sérstakri áherslu á söfn og safntengda starfsemi.
- Að framkvæma viðhorfskannanir meðal hagsmunaaðila á sviði safna og ferðapjónustu.

Tilgangurinn með þessari markmiðssetningu samkvæmt Sigurjóni var að varpa ljósi á stöðu og tækifæri til frekari þróunar á sviði safnamála og ferðapjónustu á Íslandi. Eins átti markmiðssetningin að draga fram meginþætti sem telja má mikilvæga við árangursríka framkvæmd á safntengdri starfsemi í tengslum við ferðapjónustu, benda á skort á þekkingu og skilningi meðal hagsmunaaðila á sviði safna og ferðapjónustu, og að leggja fram tillögur um leiðir til þróunar á samspili safna og ferðapjónustu á komandi árum.

Meginþættir skýrslunnar voru fjórir:

- Samspil safna og ferðapjónustu í opinberri stefnumótun.
- Hagræn greining á þætti safna í hagkerfinu.
- Viðhorfskannanir.
- Tillögur um atriði til íhugunar í stefnumótun á sviði safna og ferðapjónustu.

Sigurjón gerði grein fyrir rannsókninni sem var framkvæmd fyrir gerð skýrslunnar.

Rannsókninni var skipt niður í þrjá megin verkþætti:

- Kortlagning á samspili safna og ferðapjónustu í opinberum gögnum.

- Hagræn greining á þætti safna í hagkerfinu, með sérstakri áherslu á ferðaþjónustu. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hafði umsjón með þeim hluta rannsóknarinnar.
- Gerðar voru fjórar viðhorfskannanir meðal hagnunaaðila, en þeir aðilar voru: menningarfulltrúar, markaðsstofur landshluta, aðilar í ferðaþjónustu og söfn og safntengd starfssemi en þar er átt við setur, sýningar og safnvísa.

Í lok skýrslunnar voru lagðar farm tillögur sem gagnast gætu í stefnumótunarvinnu. Sigurjón ítrekaði að stiklað yrði á stóru í þessari kynningu en að skýrsluna í heild sinni væri hægt að nálgast í heimsíðu safnaráðs.

Samspil safna og ferðaþjónustu í opinberri stefnumótun

Sigurjón fór því næst yfir fyrsta þátt skýrslunnar sem tengist samspili safna og ferðaþjónustu í opinberri stefnumótun. Sigurjón sagði að til þess að skilja stöðu safna og safntengdrar starfsemi í tengslum við ferðaþjónustu hafi skýrsluhöfundar talið mikilvægt að skoða þátt safna og safntengdrar starfsemi í stefnumótunarplöggum stjórnvalda sem lúta að ferðaþjónustu. Í þessum kafla skýrslunnar var litið svo á að þetta samspil sé ekki einvörðungu að finna í samþykktum stefnum yfirvalda á sviði ferðaþjónustu, heldur einnig þeim lagalegu umgjörðum sem söfnum og safntengdri starfsemi er búin og Alþingi hefur samþykkt. Sagði Sigurjón að í því efni væri fylgt eftir skoðun Hauks F. Hannessonar sem hefur haldið því fram að lög hafi hlutverk sem stefnur og séu þar með stefnumarkandi. Var því litið til nokkurra laga sem þegar hafa tekið gildi við gerð þessa þáttar skýrslunnar en það voru; lög um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011, myndlistarlög nr. 64/2012, lög um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007 og lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Sigurjón sagði að meginviðfangefni þessa kafla hafi verið að skoða þátt safna og safntengdrar starfsemi í samþykktum stefnum stjórnvalda á sviði ferðaþjónustu. Í þeirri yfirferð var í upphafi skoðuð all ítarleg skýrsla sem „stungið var undir stól“, eins og Sigurjón orðar það, í byrjun áttunda áratugarins og fékk þar með aldrei stöðu sem stefnumarkandi plagg í málaflokknum. Það sem gerir þá skýrslu, sem ber heitið *Tourism in Iceland (1972-1975)*, áhugaverða í ljósi viðfangsefnis rannsóknarinnar í

heild sinni, er að þar eru söfn álitin burðarás í uppbyggingu ferðaþjónustu í tillögum skýrslunnar. Vísaði Sigurjón síðan til glærunnar þar sem tiltekna eru stefnur frá hinu opinbera sem nýttar voru til greiningar við rannsóknina. Þær voru:

- Tourism in Iceland (1972-1975)
- Ferðamál á Íslandi (1983)
- Stefnumótun í ferðaþjónustu (1996)
- Menningartengd ferðaþjónusta (1996)
- Ferðamálaáætlun 2006-2015 (2005)
- Ferðamálaáætlun 2011-2020 (2011)
- Vegvísir í ferðaþjónustu (2015).

Sagði Sigurjón þetta vera þær stefnur sem stjórnvöld hafi samið og samþykkt varðandi ferðamál og ferðaþjónustu á árabílinu 1983 til 2015. Í skýrslunni er tæpt á þessum stefnum og gerð tilraun til þess að draga fram þátt safna og safntengdrar starfsemi í þeim. Almennt má segja um þá yfirferð að söfn og safntengd starfsemi falli undir almennt orðalag um gildi menningar og menningarstofnana í málefnum ferðaþjónustu.

Sigurjón benti á að í Stefnumótun í ferðaþjónustu frá 1996 og Ferðamálaáætlun 2006-2015 hafi söfn og safntengd starfsemi hins vegar fengið talsvert vægi en aðallega undir yfirheitinu „menningartengd ferðaþjónusta“ sem hefur víðtæka og almenna skírskotun til hverskonar starfsemi sem kenna má við menningu. Það sem vakti áhuga Sigurjóns varðandi þessi gögn var hve takmörkuð aðkoma fulltrúa safna og safntengdrar starfsemi hafi verið þegar kom að gerð stefnumótandi þlagga líkt og getið var hér að ofan.

Hagræn greining á þætti safna í hagkerfinu

Í þessum hluta skýrslunnar sagði Sigurjón að hugað hafi verið að hagrænu umfangi safna og safntengdrar starfsemi. Til dæmis hafi verið leitað svara við spurningum líkt og:

- Hvert er hagrænt umfang þess sem kallað er menningartengd ferðaþjónusta?

- Hver er hlutur safnasviðs í því umfangi?
- Hverjar eru tekjur safnasviðs af ferðaþjónustu?
- Hver er hlutur safnasviðs í opinberum framlögum í samanburði við framlög til ferðaþjónustu?

Sigurjón sagði að ein helsta niðurstaða er varðar þennan þátt hafi verið að mjög erfitt sé að taka söfn og safntengda starfsemi út úr þeim hagrænum gögnum og gagnabönkum sem til eru, ekki síst þegar kemur að þætti þeirra í ferðaþjónustu.

Sigurjón benti á að þetta er ekkert einsdæmi, en mörg önnur lönd glíma við samskonar vandamál. Í tengslum við safnasviðið hér á Íslandi þýðir þetta að erfitt er að meta hlut menningarstarfsemi, sem söfn og safnatengd starfsemi fellur undir, þar sem takmarkaðar mælingar fara fram.

Sigurjón benti jafnframt á að í samantekt þessa þáttar rannsóknarinnar hafi komið fram að menning og saga Íslands hefur áhrif á sókn erlendra ferðamanna til landsins. Þá sé þekkt að innlendir ferðamenn leiti oft á þá staði sem hafa menningarlegar og sögulegar tengingar. Ferðavenjukannanir benda til að yfir 40% innlendra og erlendra ferðamanna greiða fyrir aðgang að söfnum og/eða annarri menningartengdri þjónustu. Í öðru lagi er ýmislegt sem bendir til að sterkari staða safna og tengdrar þjónustu megi að miklu leyti rekja til ferðamanna, þá bæði innlendra og erlendra. Þó virðast erlendir ferðamenn spila þar stærra hlutverk enda hefur fjölgun safna hér á landi verið í samræmi við mikla aukningu í fjölda erlendra ferðamanna.

Viðhorfskannanir

Sigurjón fór því næst yfir þann þátt skýrslunnar sem snertir viðhorfskannanir en markmið þessa hluta rannsóknarinnar var samkvæmt Sigurjóni að kortleggja samband þeirra sem koma að skipulagi og starfsemi safna, setra, sýninga og safnvísa auk aðila í ferðaþjónustu, menningarfulltrúa og markaðsstofa landshlutanna. Fram kom að við gerð spurninganna var tekið mið af tengslum þessa fjögurra hópa.

Söfn, setur og sýningar, menningarfulltrúar landshluta og markaðsstofur í ferðaþjónustu eru alla jafna á framfæri opinberra aðila eða hafa þjónustusamninga við sveitarfélög. Hins vegar eru þeir ferðaþjónustuaðilar sem svöruðu könnuninni alla jafna einkaframtak og lúta þar af leiðandi eftirspurn markaðarins. Sigurjón benti á að vegna þessa hafi spurningalisti ferðaþjónustuaðilanna tekið fremur mið af því að kanna afstöðu til þeirrar þjónustu sem söfn veita og hvernig þau telja að bæta megi safntengda starfsemi. Þá var litið til þess hvernig ferðaþjónustuaðilarnir telja að bæta megi þjónustuna þannig að hún sinni betur þörfum viðskiptavina sem ferðaþjónustan telur sig þurfa að uppfylla. Sigurjón tók fram að í skýrslunni er ekki um eiginlegan samanburð á milli hópanna að ræða, heldur var skoðað hvernig tengslum á milli þeirra er háttað í reynd og hvaða þekkingu þessir aðilar hafa á safntengdri starfsemi og hvaða skilning þeir leggja í gagnkvæma samvinnu, ábyrgð og skyldur.

Samkvæmt Sigurjóni gefa niðurstöður þessara kannana til kynna að söfn eru almennt talin mikilvægur þáttur í ferðaþjónustu. Flestir þessara aðila töldu söfn hins vegar geta bætt úr ýmsum þáttum starfsemi sinnar til að þjóna ekki aðeins innra starfi safna heldur einnig ferðaþjónustunni, sem spáð er örum vexti á næstu árum. Sigurjón telur það áhyggjuefni að svo virðist sem stefnuleysi sé lýsandi fyrir niðurstöður kannana hvað varðar þennan þátt safnastarfs þrátt fyrir að markvert starf hafi verið unnið á sviðum safna og ferðaþjónustu á síðustu árum.

Sigurjón fór að lokum yfir tillögur er varða stefnumótun á sviði safna og ferðaþjónustu. Huga þarf að:

- styrkingu á umhverfi safna og ferðaþjónustu,
- rannsóknum á sviði safna og ferðaþjónustu,
- söfnum og ferðaþjónustu meðal hagsmunasamtaka,
- mælitækjum og upplýsingum meðal safna og aðila í ferðaþjónustu,
- markaðsmálum í ferðaþjónustu með áherslu á söfn,
- söfnum í stefnumótun landshluta,
- kynningarstarfi safna,
- hagrænni greiningu á þætti safna í hagkerfinu, með sérstakri áherslu á ferðaþjónustu.

Sigurjón tók fram að þessum tillögum væri beint að eftirfarandi aðilum: hinu opinbera (ríki og sveitarfélögum), aðilum sem sjá um menningarmál, markaðsstofum, aðilum í ferðþjónustu á markaði og síðast en ekki síst að söfnum og safntengdri starfsemi. Einnig taldi hann brýnt að tillögurnar væru hafðar til hliðsjónar hjá þeim aðilum sem fást við gagnaöflun og úrvinnslu þeirra t.d. Hagstofunni, rannsóknastofnunum á sviði menningarmála og ferðamála en einnig fræðimönnum. Sigurjón taldi þessar tillögur til þess fallnar að vera vegvísir til að byggja upp traustara samband í samspili safna og ferðþjónustu á komandi árum.

3. María Reynisdóttir, sérfræðingur hjá atvinnuvegaráðuneytinu: Söfn og ferðþjónusta – vantar púsl?

María hóf erindi sitt á því að fagna því að þetta áhugaverða samtal um söfn og ferðþjónustu eigi sér stað. Hún skýrði frá því að erindi hennar lýsti upplifun hennar á samspili safna og ferðþjónustu eins og það birtist henni í starfi og þá einkum í tengslum við stefnumótun í ferðamálum. Eins vildi hún benda á hvernig mætti efla það samspil. Erindi hennar bar heitið „Söfn og ferðþjónusta – vantar púsl?“ en María líkti samspili sem þessu við púsl þar sem ef til vill vanti ákveðna þætti.

María skýrði frá því að atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið vinni eftir svokölluðum *Vegvísi í ferðþjónustu* en hann kom út fyrir ári síðan. Samhliða útgáfu vegvísisins var stofnuð Stjórnstöð ferðamála sem er samráðsvettvangur stjórnvalda, greinarrinnar og sveitarfélaga. Stjórnstöðin ber ábyrgð á að aðgerðir *Vegvísins* komist til framkvæmda á næstu árum en starf Maríu tengist þeirra vinnu að mörgu leyti. María nefndi að í skýrslunni *Söfn og ferðþjónusta* komi fram að þeir sem vinna við safntengda starfsemi virðast ekki þekkja til *Vegvísins* þar sem að óvissa hafi verið á meðal safnafólks hvort að til væri stefnumótun frá hendi hins opinbera er varðar ferðþjónustu. Hún benti því á að þeir sem starfa innan safnasviðsins þyrftu að kynna sér *Vegvísinn*.

María ræddi að einnig komi fram í sömu skýrslu að söfnin virðist útundan þegar kemur að stefnumótun í ferðamálum og helst sé um þau fjallað undir skilgreiningunni

„menning“. Taldi hún nokkuð til í þessu og því ákvað í tilefni þess að hafa fengið boð um að halda erindi þessu tengdu að kanna hver staða safna og menningar sé í þeirri stefnu sem nú er unnið eftir. Hún taldi menningu ekki mjög áberandi í *Vegvísinum* nema þá helst í tengslum við varðveislu menningarminja sem er þó mikilvægur þáttur að hennar mati. Það má velta fyrir sér hvers vegna menning fái ekki meira rými innan *Vegvísins*. Samkvæmt Maríu komu um 1.000 manns að undirbúningi hans en hann átti upphaflega að vera langtímastefna. Það varð samt ljóst að ekki væri unnt að ná því markmiði þar sem að of mikið vantaði uppá mælikvarða og samstarfsgrundvöll. Niðurstaðan varð því að leggja áherslu á grunninn, hvað þessi stóri hópur teldi brýnast að gera til að geta brugðist við gífurlegri fjölgun ferðamanna og stuðlað að uppbyggingu greinarinnar til framtíðar, en það voru þættir líkt og rannsóknir, náttúruvernd, öryggi, innviðir og mannafl. Allt eru þetta þættir sem krefjast samvinnu margra aðila og vinna þarf hratt.

Taldi María að flestir gætu verið sammála um að áherslur *Vegvísins* séu skynsamur í ljósi stöðunnar og þess hvernig áfangastaður Ísland er þar sem landslagið er aðalaðdráttarafið. María tók fram að menningin er þó einnig gríðarlega mikilvæg sem aðdráttarafl, hún er samofin landslaginu og í raun órjúfanlegur hluti hvaða ferðalags sem er. Innihald *Vegvísins* snerti því menninguna og safnastarf beint og óbeint þótt það standi ekki endilega í bæklingnum berum orðum. María taldi að þróun á sviði safnamála muni hjálpa við að byggja þennan grunn til framtíðar þar sem söfn séu lykilaðdráttarafl og lykilþáttur í þjónustu við ferðamenn. María fór í ljósi þessa stuttlega yfir áherslur *Vegvísins* og um leið greindi hún frá hvernig þær snerta á starfsemi safna í landinu.

Jákvæð upplifun ferðamanna

Hér lagði María áherslu á upplýsingagjöf þar sem söfn gegna lykilhlutverki. Bæði hvað varðar miðlun á menningararfi, náttúruminum og samtímalist ásamt almennri upplýsingagjöf til ferðamanna. Að auki er heimsókn á safn hluti af heildarupplifun ferðamanna af Íslandi.

Áreiðanleg gögn

María ræddi skort á gögnum og gangstöfnun er varðar ferðþjónustu. Án markvissrar gagnstöfnunar er erfitt að sjá þróunina yfir tíma og bregðast við henni. Eins er erfitt að mynda mælikvarða án slíkra gagna. Þetta taldi María að næði líka yfir gögn sem tengjast menningu og safnstarfi. Hugtakið *menning* er að mati Maríu á reiki og betri skilgreining á hugtakinu yrði til þess að gefa skýrari mynd af aðráttarafli hennar fyrir ferðamenn og auðvelda okkur að þróa upplifanir og skilaboð í takt við þær niðurstöður. María tók þó fram að ráðuneytið hefur lagt fram aukið fé í ferðatengdar rannsóknir sem byggja á forgangsröðun Stjórnstöðvar ferðamála.

Náttúruvernd

María sagði frá því að í *Vegvísinum* er kallað eftir aukinni samræmingu á sviði náttúru- og minjaverndar og auknu fé er varið til uppbyggingar á ferðamannastöðum. Minjaverndin snertir auðvitað á starfsviði safna. María benti á að stefnumótandi stjórnunar/svæðisáætlanir eru eitt mikilvægasta verkefni *Vegvísins* sem geti haft mikla þýðingu fyrir safnstarf í landinu. Það verkefni er þegar komið af stað en þar er unnið að áætlunum, skipulagi og markaðssetningu innan aðgreindra landsvæða á Íslandi. Svæði sem eru rík af sögu, menningarminjum eða listastarfi gætu þannig ákveðið að leggja áherslu á þá þætti skipulega í sinni mörkun.

Hæfni og gæði

Ein stærsta áskorun ferðþjónustunnar er að manna greinina til þess að mæta vextinum. Hæfni og þekking starfsfólks skiptir höfuðmáli fyrir gæði ferðþjónustunnar. Þessi þörf fyrir sérhæft starfsfólk kallar á aukna áherslu á starfsnám en að mati Maríu snertir það einnig safnasviðið. Gæði safnanna okkar í heilðrænum skilningi hafa áhrif á samkeppnishæfni landsins en hér er lögð áhersla á að efla gæðakerfi ferðþjónustunnar, Vakann, sem er hýst hjá Ferðamálastofu.

Aukin arðsemi

María nefndi að eitt af meginmarkmiðum *Vegvísins* er að tekjur af ferðþjónustu aukist hlutfallslega meira en sem nemur fjölda ferðamanna. Hér geta söfnin leikið mikilvægt hlutverk að hennar mati mati, þar sem safngestir eru verðmætur

markhópur en rannsóknir sýna að þeir eru gjarnan vel menntaðir og með háar tekjur. Einnig nefndi María markhópagreiningar í þessu sambandi en sú vinna hefur þegar farið af stað. Mörkunarvinna þar sem sérstaklega er tekið tillit til niðurstaðna markhópagreiningarinnar mun hafa mikla þýðingu hvað varðar áherslur í markaðssetningu sérstaklega tengdum svæðisáætlunum.

Dreifing ferðmanna

Eitt af markmiðum *Vegvísisins* er jafnari dreifing ferðamanna yfir landið og árið í öllum landshlutum. María sagði að þar spili menning og ekki síst söfnin stórt hlutverk. Söfn geta dregið að ferðamenn allt árið um kring og að fáfarnari stöðum og þannig hvatt til lengri dvalar og meiri eyðslu á svæðinu. Eins getur gott safnaframboð létt álagi af fjölsóttum náttúrustöðum. Einnig kemur fram í *Vegvísinum* að samgönguáætlun ætti að taka betur mið af ferðaþjónustunni, en bættar vegasamgöngur munu auka aðgengi að ferðamannastöðum og þar með talið söfnum um land allt.

Að mati Maríu eru snertifletir *Vegvísis í ferðaþjónustu* við söfn fjölmargir. María nefndi einnig öflugt starf Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu sem ráðuneytið styrkir sem og starf Íslandsstofu við kynningarmál en þar hafa safnaáherslur komið inn af krafti. María viðurkennir þó að þrátt fyrir þessi góðu verkefni og snertifleti virðist vanta meiri festu í samspil þessara greina, safna og ferðaþjónustu. Þar kemur aukin samhæfing við sögu.

Samhæfing

Eitt meginatriðið í *Vegvísinum* er samhæfing. Þar nefnir María Stjórnstöð ferðamála sem einmitt er hugsuð í þeim tilgangi. Í stjórn hennar sitji iðnaðar- og viðskiptaráðherra, innanríkisráðherra, umhverfis- og auðlindaráðherra og fjármálaráðherra. Samkvæmt Maríu er þetta form er að sanna sig þar sem verkefni *Vegvísisins* séu komin vel af stað. María nefndi að árið 2020 verði Stjórnstöðin lögð niður og þá þurfi að finna framtíðarlausn á þessu fyrirkomulagi. Ein hugmyndin er að skoða aðkomu fleiri ráðuneyta að slíkum samráðsvettvangi og nefndi María sérstaklega menntamálaráðuneytið í því samhengi. Einnig þarf að mati Maríu að efla

enn frekar skrifstofu ferðamála í atvinnu-og nýsköpunarráðuneytinu og auka þar stöðugildi.

María telur mikilvægt að sjónarmið safna og annarra menningargreina komi betur að stefnumótun til framtíðar og að þeim verkefnum sem vinna þarf að samhliða *Vegvísinum*. Stór verkefni eru framundan sem munu hafa mikið um það að segja hvernig ferðþjónusta þróast til framtíðar. María nefndi í því samhengi ný lög sem nú er unnið að og varða opinber fjármál til aðalatvinnugreina til næstu fimm ára. Einnig er komin af stað vinna á vettvangi Stjórnstöðvar ferðamála við endurskoðun stjórnkerfis ferðþjónustunnar og lagaumhverfis hennar sem er að mörgu leyti orðið úrelt í ljósi hraðrar þróunar.

Í tengslum við þessi verkefni ætti að gefast tækifæri að mati Maríu til að skoða menningarumhverfið með tilliti til ferðþjónustu og þá væri áhugavert að greina betur samstarfsfleti safna og ferðþjónustu og sameiginleg markmið þessara greina. Nauðsynlegt er að þeir sem starfa við þessar greinar hvort sem er hjá hinu opinbera eða í atvinnulífinu séu meðvitaðir um samspil þessara greina og eigi frumkvæði að verkefnum og þétti samtali sín á milli. Í lokin ræddi María um að leggja þyrfti áherslu á gleði, jákvæðni og samvinnu fólks úr ólíkum áttum til að ná fram árangri.

4. Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðapjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu: Söfn og markaðssetning Íslands sem áfangastaðar.

Inga Hlín sagði efni þessa málþings lengi hafa verið henni mikilvægt. Á sínum tíma skrifaði hún BS-ritgerð um menningartengda ferðapjónusta þar sem hún fékkst við söfn, markaðssetningu safna og menningarferðapjónustu. Markaðssetningin skiptir miklu máli. Inga telur að við þurfum að huga að henni og því hvaða ferðamenn við viljum fá. Inga vildi í erindi sínu kynna Íslandsstofu og hvernig starfsemi hennar tengist hagsmunaaðilum og söfnum. Að auki vildi hún kynna nýtt kynningarmyndband sem tengist menningarferðapjónustu.

Íslandsstofa er samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda. Hlutverk Íslandsstofu er að sinna markaðs- og kynningarstarfi í þágu íslenskra útflutningsgreina og styðja þannig við gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Verkefni Íslandsstofu eru fjölmörg en hún eigi að laða hingað ferðamenn, styðja við útflutning og kynna íslenska menningu erlendis. Innan sviðs ferðapjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu fer fram öflugt kynningar- og markaðsstarf til neytenda í samstarfi við ferðapjónustufyrirtæki og hagaðila. Um er að ræða öflugan samstarfsvettvang með tengsl við innlenda og erlenda sölu- og hagsmunaaðila íslenskrar ferðapjónustu. Þessi samstarfsvettvangur snýr að því að kynna Ísland sem upprunaland skapandi greina og styðja við kynningu á íslenskri menningu erlendis. Íslandsstofa er í miklu samstarfi við Miðstöð skapandi greina, en allt kynningarstarf er unnið undir merkjum *Inspired by Iceland*.

Markmið starfs Íslandsstofu sem eru í beinu samhengi við *Vegvísi í ferðapjónustu* eru ýmis, m.a. að draga úr árstíðasveiflu hvers landshluta og fjölga ferðamönnum til landsins með mismunandi áherslum eftir árstíðum. Eins er stefnt að því að auka meðalneyslu ferðamanna á Íslandi hvern dag og auka gjaldeyristekjur íslenskrar ferðapjónustu. Inga Hlín nefndi söfn í þessu samhengi með tilliti til aðgangseyris og aukningu tekna fyrir söfnin. Einnig er hluti markmiðanna að bæta viðhorf og vitund gagnvart Íslandi sem heilsársáfangastaðar. Í takti við *Vegvísinn* hefur Íslandsstofa einnig verið vakandi fyrir að ánægja ferðamanna sé í fyrirrúmi, að hún sé á einhvern hátt mæld og fylgst sé með henni. Ísland skorar þar mjög hátt.

Innri markaðssetning

Inga segir mikilvægt að virkt samtal eigi sér stað á milli innri og ytri hagaðila til að tryggja gott upplýsingaflæði og betri árangur. Inga nefnir því tengdu ýmsa skipulagða fundi Íslandsstofu með innri og ytri hagaðilum þar sem farið er yfir áherslur og áætlanir hverju sinni. Hún nefnir þar s.s. sviðs- og teymisfundi, stjórnarfundi, markaðsfundi með ferðaþjónustuaðilum, upplýsingafundi með markaðsstofum landshlutanna, fagráðsfundi þar sem sitja aðilar frá ýmsum hagaðilum, s.s. Miðstöð íslenskra bókmennta, Hönnunarmiðstöð, Kvikmyndamiðstöð Íslands o.s.frv.

Hluti af því að þróa grunnstoðir í ferðaþjónustu er að stefna að sama marki með mörkun Íslands sem áfangastaðar. Inga segir að baki því liggi hugmyndin um að við séum öll þátttakendur í að kynna áfangastaðinn Ísland með tilliti til þess hvaða sögu við erum að segja, hvernig og á hvaða máta við segjum hana. Við erum öll hagsmunaaðilar hvað þetta varðar og öll þátttakendur í þessari miðlun. Því þurfum við að tala í takt hvort sem um ræðir fyrirtæki í ferðaþjónustu, ráðherra á erlendum vettvangi, ólíkar atvinnugreinar, stjórnvöld eða erlenda ferðamanninn. Inga lagði sérstaka áherslu á þátttöku ferðamannsins, að fá hann til samtals um Ísland sem áfangastað hvort sem það er fyrir eða eftir heimsókn og þá koma samfélagsmiðlarnir sterkir inn.

Í daglegu starfi Íslandsstofu vinna starfsmenn eftir samþættri markaðssetningu t.d. með stórum kynningarviðburðum erlendis þar sem Ísland er kynnt erlendum ferðaþjónustuaðilum en einnig er reynt að samþætta samfélagsmiðla, kynningarefni og almannatengsl við erlenda fjölmiðla. Íslandsstofa reynir einnig að sinna fyrirspurnum frá erlendum blaðamönnum og hafa áhrif á ferðir þeirra hingað til Íslands.

Inga Hlín lagði áherslu á mikilvæga þætti varðandi þá ímynd eða sögur sem við segjum í tengslum við Ísland og nefndi þar sérstöðu Íslands hvað varðar menningu, dulúð, hreinleika, sköpunarkraft, sjálfbærni og ævintýri. Í því samhengi er nauðsynlegt að kynna viðburði víða um land sem og þann sköpunarkraft sem má finna m.a. í íslenskri sögu, hönnun og tónlist.

Íslandsstofa hefur unnið með markhópakannanir síðustu ár til að þróa markaðsstarf sitt betur. Stefnt er að ná til ferðamanna með tekjur yfir meðallagi, menntun yfir meðallagi, sem hafa áhuga á menningu, hugmyndum og lífstíl annarra og vilja fara á nýja og spennandi áfangastaði.

Aukinn sýnileiki safna og menningar

Inga Hlín kynnti niðurstöður könnunar Ferðamálastofu en þar kemur fram að 40% ferðamanna sem hingað sækja koma vegna menningar og sögu. Þetta var staðan 2013 og 2014 en í dag eru það 34%. Stærri og innbyrðis ólíkari hópur ferðamanna sem hingað kemur gæti útskýrt þessa breytingu. Hún kynnti einnig niðurstöður viðhorfsrannsókna þar sem Íslands er metið í samanburði við aðra áfangastaði. Þar svöruðu 60% þátttakenda að þeir teldu Ísland spennandi áfangastað hvað varðar sögu og menningu en þar stöndum við jafnfætis mörgum öðrum löndum t.d. Noregi, Kanada og Finnlandi.

Íslandsstofa hefur dreift bæklingnum *Icelandic Art Manual* til erlendra blaðamanna sem hingað koma en einnig aðstoðað við *Safnabókina* sem nú hefur verið færð yfir á netið: Einnig hefur Íslandsstofa starfað með Samtökum um Söguferðaþjónustu en starfsmaður þeirra hefur starfsaðstöðu hjá Íslandsstofu. Inga Hlín bendir á að inná vefsíðu *Inspired by Iceland* sé gagnagrunnur þar sem öll söfn á Íslandi eru kynnt. Hún bendir þó á að mögulega þurfi að uppfæra upplýsingar um söfnin og að afar mikilvægt sé að þarna inni séu réttar upplýsingar. Þar verði söfnin að taka fyrsta skrefið og fara yfir hvaða upplýsingar er þar að finna og benda á það sem þarf að leiðrétta.

Íslandsstofa hefur síðasta ár kynnt ábyrga ferðahegðun með nýjum kynningarmyndböndum inná vefsíðu *Inspired by Iceland*. Herferðin ber heitið *Iceland Academy*. Þar hafa ólíkir aðilar búið til stutt myndbönd þar sem húmor er notaður til að miðla mikilvægum upplýsingum. Hugmyndafræðin að baki herferðinni snýr að því að aðstoða hinn upplýsta ferðamann að upplifa besta matinn, fallegustu náttúruna, áhugaverðustu menninguna, skemmtilegustu afþreyinguna og bestu afslöppun og vellíðan sem Ísland hefur upp á að bjóða á öruggan og ábyrgan hátt. Herferðin hefur reynst afar áhrifarík en inná leitarvef Google hafa leitarfyrirspurnir um „Iceland“ aukist um 342% eftir að horft hefur verið á kynningarefni *Iceland Academy*.

Inga Hlín lauk fyrirlestrinum á því að benda á mikilvægi tengslanets hagaðila. Það virðist skorta á þátttöku bæði safna og ferðaþjónustuaðila og að þessir aðilar kynni sér starfsemi innan hins sviðsins. Inga Hlín benti á fáa þátttakendur á málþinginu frá ferðaþjónustufyrirtækjum en fagnaði jafnframt því skrefi tekið hafi verið með málþing sem þessu til þróunar frekari samtals á milli safna og ferðaþjónustu.

Samstarf hagaðila er mjög mikilvægt og benti Inga Hlín þar m.a. á safnaráð, Samtök sveitarfélaga, Samtök um ferðaþjónustu, Ferðamálastofu, miðstöðvar skipandi greina, markaðsstofur landshlutanna, ferðaþjónustufyrirtæki og menningar- og ferðamálafulltrúa. Ýmislegt skortir þó frá hendi safnanna t.d. þróun safnhringa, vöruþróun, myndir í markaðs- og kynningarefni auk tímalínu fyrir hvert ár þar sem sýningar safnanna eru kynntar. Inga Hlín sýndi því næst kynningarmyndband úr herferðinni *Iceland Academy* þar sem menningartengd ferðaþjónusta var í forgrunni og minnti Inga Hlín á þann slagkraft sem felst í samstarfi.

Umræður fyrir hlé – samantekt

Margt áhugavert kom fram í umræðum fyrir hlé. Eitt af því sem virtist brenna á safnmönnum var áhugaleysi ferðaþjónustuaðila að sækja þá kynningaviðburði sem söfnin bjóða til. Safnafólk nefndi ólíkar leiðir sem það hafði farið til að reyna að vekja áhuga ferðaþjónustuaðila, s.s. boð á samráðsfundi, boð á viðburði, kynningarefni, samráð við markaðsstofur landshlutanna og gjafabréf til ferðaþjónustuaðila. Svo virðist sem safnmenn upplifi áhugaleysi af hálfu ferðaþjónustuaðila að nýta sér slíka viðburði.

Þá kom fram frá ferðaþjónustuaðilum að gríðarleg samkeppni er um athygli þeirra og tíma, mikið álag er á starfstéttinni og þeim gefst því ekki tækifæri að sinna öllum þeim boðum sem til þeirra berast. Bentu þeir á að söfn og safnmenn mættu heimsækja þá í auknum mæli. Fjöldi tækifæra er til samráðs, til dæmis hvað varðar markaðsvæðingu ferðaþjónustu landshluta en þar fer nú fram öflug vinna á sviði svæðisráða.

Einnig var bent á mikilvægi þess að kalla að borðinu höfuðsöfnin þrjú, Þjóðminjasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Listasafn Íslands sem ábyrgðarsöfn ákveðinna sviða innan safnastarfs á Íslandi.

Umræðurnar leiddu einnig í ljós að gríðarlegu opinberu fjármagni er varið til kynningar- og markaðsmála hvað varðar ferðapjónustuna en á sama tíma skorti á styrkingu safna og aukins fjármagns til menningarmála. Gagnrýnt var að svið lista og menningar heyri nú undir fimm ráðuneyti, sem flækir um margt aðgengi að stjórnvaldinu sem og aðgengi að fjármagni til styrkingar sviðsins. Kom fram sú tillaga að hér á landi yrði tekin upp sama stjórnskipan og víða má finna á Norðurlöndunum þar sem sérstakur ráðherra hefur með svið menningar að gera.

Að lokum má nefna að Sigurjón Baldur Hafsteinsson benti á að ekkert virtist skorta á vilja aðila innan safna og ferðapjónustu að stofna til samtals og samráðs hvað varðar þjónustu við ferðamenna, hins vegar virðist vettvangur til slíks samráðs vera óljós. Eins benti Sigurjón á að þar gæti tungumálið sjálft verið ákveðinn fjötur um fót þar sem ólíkar hugmyndir og skilgreiningar á hugtökum og merkingu orða torveldi safnmönnum og ferðapjónustuaðilum að skilja hvorn annan. Þar þurfi að taka til og auðvelda öllum að taka þátt í umræðum um söfn og ferðapjónustu.

5. Sigrún Þormar, stjórnarmaður í Samtökum um söguferðapjónustu.

Sigrún Þormar hóf erindi sitt á því að fara stuttlega yfir markmið Samtaka um Söguferðapjónustu, en þau eru að efla söguferðapjónustu á Íslandi og að vera samráðsvettvangur þeirra aðila er stunda slíka ferðapjónustu, hvort sem um ræðir opinbera aðila eða einkaaðila. Með söguferðapjónustu er átt við ferðapjónustu sem leggur áherslu á að miðla til ferðamanna íslenskum miðaldabókmenntum, sögu þjóðarinnar frá fortíð til samtíðar og hverskyns menningararfleifð.

Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með því að:

- mynda tengslanet milli aðila í samtökunum,
- miðla þekkingu innan samtakanna,
- standa að sameiginlegri kynningu og markaðssetningu,
- stuðla að fagmennsku í söguferðapjónustu,
- stuðla að samstarfi við aðila sem vinna að sambærilegum málum innanlands og utan.

Samtökin réðu nýlega til sín starfsmann, Katarzyna Dygul, en hún hefur vinnuaðstöðu hjá Íslandsstofu. Hefur ráðning þessa starfsmanns eft til muna þjónustu samtakanna við aðila innan þeirra.

Styrk samtakanna taldi Sigrún vera fjölþættan og nefndi m.a. innri markaðsfærslu þar sem aðilar innan samtakanna ynnu saman og bentu hver á annan, heimsóknir félaga um land allt og fyrirlestra og málþing sem samtökin hafa staðið að fyrir sína félagsmenn. Eins hafa samtökin farið í heimsóknir á söguslóðir erlendis, tekið þátt í sameiginlegri markaðssetningu, en við slíkan samtakamátt myndast ómetanlegt tengslanet. Samtökin vilja stuðla að fagmennsku og gæðum þeirra aðila sem að starfa innan samtakanna.

Eftir að samtökin tóku það skref að ráða starfsmann hefur áherslan á markaðsfærslu aukist sem og sýnileiki samtakanna á samfélagsmiðlum, t.d. á Instagram, Facebook og Google. Markmiðið er að ná til ferðamanna áður en þeir halda að heiman, á meðan þeir skipuleggja ferð sína til Íslands. Ferðamenn sækja í auknum mæli inná samfélagsmiðla í leit að upplýsingum og því er mikilvægt að þeim sé sinnt vel.

Starfmaður samtakanna hefur aðstoðað aðila innan þeirra við að efla notkun á samfélagsmiðlun, en oft þarf einhverja aðstoð við fyrstu skrefin. Starfmaður samtakanna hefur í samstarfi við Íslandsstofu einnig aðstoðað erlenda blaðamenn sem hingað koma t.d. frá Bandaríkjunum og Þýskalandi.

Sigrún nefnir að heimasíða samtakanna sé nýuppfærð og þar megi finna upplýsingar um alla aðila innan samtakanna sem og ferðavísi þar sem landinu er skipt eftir landshlutum og leita megi sér upplýsinga um hvað megi finna á hverju svæði er varðar sögutengda ferðþjónustu. Sigrún ræddi því næst reynslu sína af starfi sínu í Snorrastofu í Reykholti. Í Reykholt koma 200.000 ferðamenn á ári en aðeins hluti þeirra sækir Snorrastofu heim. Sigrún velti því fyrir sér hvað valdi þessu og hvort að markmið ferðþjónustu væru ekki fleiri en reka ferðamenn á milli fossa og hvera. Hún spurði hvort það gæti verið að það gleymist að kynna þeim sögu Íslands. Hennar reynsla af samskiptum sínum við ferðamenn er að þeir hafi raunverulegan áhuga á íslenskri sögu og menningu og þar heilli bókmenntaarfurinn sérstaklega. Á erlendum vettvangi er Ísland markaðssett fyrst og fremst út frá náttúrunni en huga þarf að því að láta söguna fylgja með, það gefur náttúrunni meiri dýpt. Að mati Sigrúnar glæðir fróðleikurinn sem gesturinn fær við heimsókn sína á söfn og setur náttúruna lífi. Sigrún sagði því næst aðeins frá starfsemi Snorrastofu en þar hefur verið boðið uppá ýmsa þjónustu við ferðamenn auk fasts sýningarhalds, m.a. lifandi leiðsagnir, fyrirlestra sérsniðna að ferðamönnum og þar ráði lifandi nálgun við gestinn. Þegar gestum gefst tækifæri til að spyrja koma margar áhugaverðar spurningar fram sem varða fleira en það sem Snorrastofu snertir, t.d. íslensk stjórnsmál, kindur og hesta, veður- og gróðurfar, velferðarmál o.s.frv.

Sigrún lagði áherslu á að náttúran og sagan væru ekki tveir aðskildir hlutir heldur ein heild og vonaði að samstillt átak Samtaka um söguferðþjónustu og Íslandsstofu gæti náð fram heildarupplifun fyrir ferðamanninn þar sem sagan er tengd náttúrunni. Að lokum benti Sigrún á mikilvægi þess að efla þjónustu safna á landsbyggðinni við ferðamenna allt árið um kring. Slík efling er nauðsynleg til þess að ferðþjónusta á landsbyggðinni dafni, að til verði heilsársstörf innan safnanna og að fagmennska og gæði aukist.

6. Kristján Guðmundsson, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Vesturlands.

Kristján hóf fyrirlesturinn á því að kynna starfsemi Markaðsstofu Vesturlands og hvernig hún getur nýst þeim aðilum sem eru í menningartengdri ferðaþjónustu. Markaðsstofa Vesturlands er hluti af heildstæðu neti markaðsstofa á Íslandi en þær eru sex talsins og vinna náið saman að hagsmunamálum landsbyggðarinnar. Finna má upplýsingar um þær á markaðsstofur.is. Markaðsstofa Vesturlands tekur þátt í fjölbreyttu kynningarstarfi, t.d. stendur hún ásamt öðrum markaðsstofum landshlutanna fyrir kynningarfundinum *Mannamótum* sem næst verður haldinn þann 19. janúar 2017. Þar bjóða markaðsstofurnar ferðaþjónustuaðilum á höfuðborgarsvæðinu að koma og kynna sér þá ferðaþjónustu sem er í boði á landsbyggðinni. Eins hafa markaðsstofurnar staðið fyrir sameiginlegri ráðstefnu um ferðaþjónustu á landsbyggðinni þar sem tekin eru fyrir málefni hvers árs í ferðaþjónustu en síðast var tekin fyrir jafnari dreifing ferðamanna um landið.

Markaðsstofa Vesturlands er með starfstöðvar sínar í Borgarnesi og þrjú starfsmenn en einn þeirra sinnir eingöngu upplýsingamiðstöð landshlutans. Fjármagn til reksturs stofunnar kemur úr þremur áttum, frá ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum. Helsta kynning markaðsstofunnar fer fram á netinu þar sem nýttir eru hinir ýmsu samfélagsmiðlar s.s. Facebook, Instagram og YouTube. Eins hefur stofan haldið úti heimsíðunni westiceland.is, en hún er hluti af markaðsherferð allra markaðsstofa landshluta og er samræmt útlit þeirra á milli og auðvelt á að vera fyrir ferðamenn að nálgast þar upplýsingar um hvað hver landshluti hefur upp á að bjóða. Eins hefur Markaðsstofa Vesturlands komið að útgáfu á kynningarbæklingum um Vesturland sem og kortum fyrir ferðamenn. Markaðsstofan tekur að auki þátt í ferðasýningum á borð við *Mid-Atlandic* og *Vestnorden* og er í samstarfi við Íslandsstofu um kynningarstarf erlendis. Þar hefur saga Vesturlands verið nýtt sem aðráttarafl og sérstaklega er reynt að miða kynningu á sögunni út frá því hvaða markhóp er verið að sækjast eftir.

Árið 2011-2012 var í gangi stefnumótunarvinna á Vesturlandi hvað varðar sögutengda ferðapjónustu en út úr þeirri vinnu kom stefnan *Sögulandið Vesturland*. Unnið hefur verið eftir þessari stefnu en hún náði eingöngu til ársins 2015 og því kominn tími til að endurskoða vissa þætti hennar.

Sagan skiptir að mati Kristjáns miklu máli þegar kemur að aðdráttarafli Vesturlands fyrir ferðamenn. Markaðsstofan hefur unnið náið með Íslandsstofu að undirbúningi kynningarferða fyrir blaðamenn en sumar þeirra hafa nær eingöngu snúið að sögu svæðisins. Eins hefur stofan staðið að gerð kynningarefnis í formi stuttra heimildamynda um sögutengda staði á Vesturlandi. Þar nefnir Kristján myndbönd um Safnasvæðið á Akranesi, Stykkishólm og Eiríksstaði í Dölum. Eins hafa verið gerð styttri myndbönd undir yfirheitinu „Meet the Locals“ þar sem aðilar í ferðapjónustu eru kynntir. Kristján sýndi því næst tvö slík myndbönd um Pál á Húsafelli og Kára Viðarsson á Rífi. Markaðsstofa Vesturlands vill gera meira af slíku efni og styðja þar með við aðila í ferðapjónustu sem margir hverjir eru einyrkjar og hafa því ekki efni á stærri auglýsingaherferðum.

Að lokum nefndi Kristján þróun verkefna á borð við „The Knitting Circle“ þar sem þrjónaáhugafólki bauðst að koma og þrjóna í nokkra daga á Vesturlandi. Þróun fleiri slíkra sérferða er farin af stað þar sem meðal annars verður litið til fuglaskoðunar og sögu svæðisins. Er stefnt að því að bjóða upp á slíkar sérferðir utan háannatíma í ferðapjónustunni og efla þannig ferðapjónustu á svæðinu árið um kring.

7. Helga Maureen Gylfadóttir, formaður Félags íslenskra safna og safnmanna: Að brúa bilið, söfn og ferðapjónusta.

Helga sinnir nú stöðu verkefnastjóra sýninga hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur og er formaður Félags íslenskra safna og safnmanna. Helga hefur unnið við ýmis safntengd störf, fyrst á Árbæjarsafni, síðar við skráningu á byggingararfi borgarinnar en hún hefur einnig tekið þátt í sýningum og viðburðum á vegum Borgarsögusafnsins. Helga benti á að verkefni safnmanna væru af ýmsu tagi líkt og bakgrunnur hennar sýndi.

Helga hefur síðustu ár verið virkur félagi í FÍSOS en hún tók á haustdögum við formannsembætti í félaginu. Í FÍSOS eru 340 skráðir félagar en félagsmenn geta þeir gerst sem vinna fagleg störf við lista-, minja- og náttúrufræðisöfn sem og þeir sem hafa lokið námi sem nýtist í starfi slíkra safna. Eins geta stofnanir sem falla undir skilgreininguna „safn“ samkvæmt íslensku safnalögunum gerst félagar. FÍSOS er fagfélag og ávinningur félaga felst fyrst og fremst í því að félagið styður við safnastarf út frá faglegum sjónarmiðum safna og safnafólks. Eins er það vettvangur þekkingarmiðlunar, upplýsingagjafar og samtakamátt. Það starfar í grasrótinni, í nánnum tengslum við þarfir félagsmanna og er þannig í stakk búið að miðla upplýsingum og fjalla um málefni safna og safnafólks á faglegum grunni án þess að þar ráði hagsmunir yfirvalda. FÍSOS hefur tekið þátt í verkefnum á alþjóðavettvangi, s.s. NEMO, IPR og NAME. Markmið félagsins eru að efla samstöðu safnmanna og styðja íslenskt safnasamfélag og þróun þess. Það styður við þróun safna og Helga nefndi þá sérstaklega að sýnileiki safna og safnmanna væri einn þeirra þátta sem þyrfti að styrkja.

Helga fór því næst yfir lagaumhverfi safna á Íslandi, skilgreiningu á söfnum og stöður og skyldur höfuðsafna og safna. Samkvæmt safnalögunum eru söfn mennta- og þjónustustofnanir sem ber að vernda íslenskan menningararf og tryggja almenningi öruggt aðgengi að honum. Þau eru ekki rekin í hagnaðarskyni og eru varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings. Höfuðsöfnin eru þrjú: Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands. Þau hafa hvert um sig umsjón með

samvinnu safna á sínu sviði og eru samkvæmt safnalögunum miðstöð safna, hvert á sínu verksviði.

Flest söfn hafa myndað sér söfnunarstefnu og er hún mótuð með tilliti til siðareglna ICOM (Alþjóðaráðs safna). Söfnunarstefnan mótar aðra þætti safnastarfsins s.s. rannsóknir innan safnsins. Helga undirstrikaði að lokum mikilvægi safna í samstarfi við nærsamfélagið en söfn eru talin bæta umhverfi fólks og lífsskilyrði. Helga benti á að söfn eru ekki aðeins stofnanir sem varðveita gripi og rannsaka þá heldur eru þau staðir þar sem fortíð, nútíð og framtíð mætast. Aukin hnattvæðing hefur breytt stöðu safna, aukin krafa er um tengsl við ferðapjónustu og nýtingu tækni og dýrari miðla við sýningargerð. Samráð og samvinna safna verður því sífellt mikilvægari, ekki síst meðal minni safna.

Helga fór stuttlega yfir upphaf safna á Íslandi þar sem hún nefndi Sigurð málara og áhrif hans og opnun Forngripasafnsins 1863. Töluvert breytt mynd er á safnaumhverfinu á Íslandi síðan Sigurður sendi frá sér hugvekju sína 1862 um þróun safna á Íslandi, en samkvæmt Hagstofu Íslands eru í dag 138 einingar á safnasviðinu og þar af 45 viðurkennd söfn. Helga útskýrði þar næst hvað felst í viðurkenningu safna frá hendi safnaráðs og hvaða skyldur viðurkennd söfn hafa, má í því sambandi benda á íslensku safnalögin. Helga sagði viðhorf safnmanna gagnvart málefnum sem snerta söfn og ferðapjónustu vera jafn ólík og safnmennirnir eru margir, og því talaði hún út frá sínu sjónarhorni fyrst og fremst. Helga sagði afar áhugavert að lesa skýrsluna *Söfn og ferðapjónusta* sem var kveikjan að þessu málþingi. Hún sagðist hafa staldrað við nokkra punkta, t.d. þegar rætt var um menningarfulltrúa, en greinilega mætti bæta samtalið á milli menningarfulltrúa og safna almennt. Eins hafði það vakið athygli hennar þegar skýrt var frá viðhorfum starfsmanna markaðsstofa gagnvart söfnum, en þar sagði m.a. að söfn þyrftu að sinna betur um þátttöku sína í ferðapjónustu t.d. með því að koma betur til móts við þarfir ferðamanna, auka skemmtanagildi, bæta sýningar og þróa þær í takt við tímann. Helga sagðist ekki vita annað en að söfn á Íslandi reyni eftir fremsta megni að koma til móts við þarfir ferðamanna og ganga í takt við tíðarandann. Aftur á móti benti Helga á að söfn líkt og margar aðrar stofnanir væru að glíma við undirmönnun. Fáliðuð söfn þurfa þó að sinna öllum sínum verkum,

bæði innra starfi sem og að taka móti fólki og fræða, en víða er staðan sú að sami aðili sinnir þessu auk þess að sjá um þrif og samfélagsmiðla. Það er einkum í stærri byggðakjörnum þar sem fleiri en einn eða tveir starfsmenn eru í fullu starfi.

Helga benti á að sýningargerð hafi tekið miklum framförum á Íslandi síðasta áratug og flest söfn nýta sér einhverskonar margmiðlun á sýningum en framfarir í þeim geira eru svo örvar að það er nær ómögulegt að fylgja þeim eftir. Sýningar eru ekki hristar fram úr erminni heldur byggja þær á rannsóknum og undirbúningsvinnu og kosta fjármuni. Hvað skemmtanagildið varðar þarf ekki annað en líta til þeirra fjölda viðburða og sýninga sem söfn á Íslandi standa fyrir, en þar liggur mikill kostnaður og vinna að baki. Helga benti einnig á að skemmtanagildi megi aldrei yfirtaka sanngildið, það sé andstætt grunnhugmyndum um skyldur safna.

Þrátt fyrir gríðarlega aukinn ferðamannastraum hingað til lands er aukning heimsókna á söfn misjöfn. Þar er markaðssetning að sjálfsgöðu nauðsynlegur þáttur til að ná betur til ferðamanna en ekki eini þátturinn. Helga benti á að söfn eru annað og meira en uppfyllingarefni á hringferð um landið og talaði fyrir hönd FÍSOS þegar hún hvatti ferðaþjónustuna til að nýta sér söfn og viðburði á þeirra vegum. Eins megi líta til safnmanna sem reynslubolta á sviði ferðaþjónustu. Helga sagðist viss um vilja félagsmanna FÍSOS til að auka samstarf við ferðaþjónustuna en minnti jafnframt á þau fjöldamörgu verkefni sem eru á borðum safntengdrar starfsemi. Hún sagðist þó fullviss um að söfn og safnmenn brygðust við óskum ferðaþjónustunnar af bestu getu. Hún taldi að með jákvæðnina að vopni og þéttu og heiðarlegu samtali mætti ná árangri en að brúin væri að mestu komin, það þarf aðeins að styrkja undirstöðurnar og þá geta allir nýtt sér þessa samgöngubót sér til heilla.

8. Halldór Halldórsson, formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Halldór hóf erindi sitt á því að ræða hve margt hefði komið fram í umræðum og fyrirlestrum málþingsins sem þarft er að ræða frekar. Halldór sagði að margt við lestur skýrslunnar *Söfn og ferðaþjónusta* hefði vakið upp spurningar í hans huga t.d. hvort að frekari markaðssetningar væri þörf fyrir söfnin og hvort að sá hraði sem er í vexti ferðaþjónustu útskýri ekki að einhverju leyti það sambandsleysi sem virðist vera á milli safna og ferðaþjónustuaðila. Ferðaþjónustan hefur breitt úr sér og er nú í fullum gangi allt árið.

Það er jákvætt, að mati Halldórs, að sjá þá aukningu sem hefur orðið í fjölda safngesta en þar má bera saman tölur gesta árið 1995 sem voru um 800.000 gestir á ári og 2015 en þá var tala gesta á söfnum komin í tvær og hálf milljón. Því er ljóst að þessi aukning ferðamanna skilar sér inná söfnin. Eins má sjá að sum söfn eru að verða sjálfbær að mestu leyti vegna innkomu af heimsóknum ferðamanna og benti Halldór í því sambandi á Byggðasafnið í Skógum. Því er full ástæða til að bjartsýni varðandi þessa þróun. Eins verður allaf hluti ferðamanna sem að sækir ekki söfnin heim og ferðaþjónusta á Íslandi byggir á ólíkum þáttum.

Halldór fór með brot úr ljóði eftir Guðmund Inga Kristjánsson þar sem Guðmundur fjallar um byggingararf Íslendinga um leið og hann lítur björtum augum til framtíðar. Halldór benti á þann merka byggingararf sem felst í þeim húsum sem við sem samfélag höfum valið að vernda. Nauðsynlegt er að vernda þann arf líkt og náttúruna fyrir of miklum ágangi og því er ljóst að hinn mikli straumur ferðamanna felur í sér áskoranir er þetta varðar. Halldór sagði söfn mjög mikilvæg, þau sýna táknið hins fagra og sanna, söguna, handverkið og verkhætti fortíðar. Þannig sýndum við að mati Halldórs afreksverk aldanna.

Þegar nágildandi safnalög voru í vinnslu setti Samaband sveitarfélaga fram ákveðnar spurningar við frumvarpið í umsögn sinni um það. Í athugasemdum sambandsins kom fram að víða hafi verið komið á fót safnvísu og setrum til að laða að ferðamenn og hafi slík starfsemi almennt notið velvilja og nokkurs opinbers fjárstuðnings frá sveitarfélögum og ríki. Starfsemi af þessum toga er gjarnan ætlað að kynna sögu og

menningu viðkomandi héraðs en vera að auki atvinnuskapandi og skjóta sterkari fótum undir ferðaþjónustu á viðkomandi svæði. Slík starfsemi mun hins vegar í fæstum tilfellum uppfylla öll þau skilyrði er varða viðurkennd söfn samkvæmt 10.gr. frumvarpsins. Því taldi Samband sveitarfélaga að hætta væri á því að hagur slíkrar starfsemi myndi versna yrði frumvarpið að lögum vegna verra aðgengis að styrkjum úr ríkissjóði.

Halldór sagði fjölda staða tengdum safnastarfsemi vera um 200 og að þeim væri dreift út um allt land. Samkvæmt ársskýrslum sveitarfélaganna setja þau einn til 1,6 milljarð á ári í söfnin en Halldór sagðist einnig hafa séð vitnað til þess að samanlagt fái söfnin um níu milljarða frá ríki og sveitarfélögum á ári. Halldór vissi þó ekki hvort sú tala stæðist að öllu leyti. Það hlýtur hins vegar að vera ánægjulegt fyrir safnasviðið í heild sinni að sértekjur séu að aukast vegna aðsóknar ferðamanna. Þó er ljóst að margt mætti betur fara.

Það vakti athygli Halldórs við lestur skýrslunnar hve vel endurspeglast í henni hversu lítil tengsl virðast vera á milli safna og menningarfulltrúa. Halldór sagði að erfitt sé að átta sig á ástæðunum sem liggi þar að baki, en hann hafði talið fyrir lestur skýrslunnar að samskiptin væru meiri á milli menningarfulltrúa, markaðsstofa, safna og ferðaþjónustuaðila. Yfirleitt er auðvelt að koma á tengslum þar sem stutt er á milli þeirra sem vinna innan þessara greina í hverjum landshluta.

Eins vakti það athygli hans að um helmingur safna telur ferðaþjónustuaðila hafa takmarkaðan skilning á starfsemi þeirra og þrjú af hverjum tíu söfnum töldu ferðaþjónustuaðila gera óraunhæfar kröfur til safnanna. Halldór telur því nauðsynlegt að taka þetta samtal lengra og leita svara hvað þetta varðar.

Halldór sagði ljóst af Farskóla FÍSOS á haustdögum og af umræðum málþingsins að skoða þurfi einnig tengingar á milli safna og sveitarfélaga. Sveitarfélögin verða að sinna um eigendahlutverki sitt og bregðast við ef þeim þykir söfnin ekki standa undir þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar. Eins verða söfn og stjórnendur þeirra að vera vakandi fyrir því hvað höfðar til ferðamanna og taka eins vel á móti þeim og hægt er. Halldór benti þó á að það er samt ekkert sem hindrar söfn að taka þá stefnu að vilja

ekki taka með beinum hætti þátt í ferðapjónustu, en þar séu hins vegar tekjumöguleikarnir.

Einnig er ljóst að þessi aukni fjöldi ferðamanna kallar á aukin útgjöld hjá söfnunum en fjármagn til safna frá ríkinu þurfa að hækka verulega og í samræmi við mikilvægi safna í ferðapjónustu. Halldór benti m.a. á að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða styðji ekki við söfnin, ef til vill væri hægt að fá styrki vegna umhverfis safnanna en í sjóðinn eru veittar 300-400 milljónir á ári. Umsóknir í sjóðinn eru hins vegar óteljandi, t.d. hafi umsóknir frá ríkisstofnunum í sjóðinn verið upp á 1,2 milljarða.

Halldór hvatti söfn til þess að taka markvissan þátt í stefnumótun sem varðar svæðisbundna áfangastaði en líkt og kom fram í fyrri erindum er sú vinna þegar farin af stað. Það er ljóst að söfn standa frammi fyrir nýjum veruleika en þar liggur einnig fjöldi tækifæra. Oft er ímynd safnmanna að þeir séu íhaldssamir í eðli sínu enda að vissu leyti þarft fyrir safnmenn að vera íhaldssamir og Halldór endaði á því að vitna aftur í Guðmund Inga Kristjánsson „Þú átt að vernda og verja þó virðist það ekki fært allt sem er hug þínum heilagt og hjarta þínu kært“.

Samantekt

Drjúgur hluti umræðunnar sneri að þætti menningarfulltrúa á landsbyggðinni þegar kæmi að söfnum og ferðapjónustu. Bent var á að hjá Reykjavíkurborg væri menningarfulltrúi hlutaðeigandi að störfum menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar þar sem unnið er markvisst að því að efla samstarf ferðapjónustuaðila og safna í Reykjavík. Það virðist skorta á slíkt samstarf víða á landsbyggðinni, þ.e.a.s. að menningarfulltrúi svæðisins sé virkur í samtali við menningarráð landshlutans. Með nýjum menningarsamningum hafi um margt glatast sú vinna sem komin var af stað víða um land og einnig hafi þeir veikt stöðu menningarfulltrúa sem að oft á tíðum mæta niðurskurði sé þess þörf hjá sveitarfélögum sem og að vera frekar starfsheiti sem skeytt er fyrir aftan aðra titla t.d. fræðslufulltrúa. Vegna anna geta margir menningarfulltrúar ekki sinnt um starfið sem skyldi þar sem skyldur þeirra tengjast einnig öðrum embættum. Það er þarft að sveitarfélögin standi vörð um skyldur menningarfulltrúa og að þeir séu virkir í samtali við söfnin. Eins mætti samræma kröfur til þeirra en það er ljóst að þeir sinna um mjög misjafna hluti eftir sveitarfélögum.

Áhersla á sérstöðu safna kom einnig fram í umræðunni. Þar kom fram að nauðsynlegt er fyrir söfn að skapa sér sérstöðu til að bæta markaðssetningu og að varast beri einsleitni þegar kemur að söfnum, t.d. byggðasöfnum. Hins vegar skortir fjármagn til nýsköpunar í safnastarfi sérstaklega hvað varðar alveg nýjar stofnanir. Sérstaða safna og þróun hennar mun einnig miðast af því að ferðamenn sem hingað koma hafa mismunandi áhugasvið, og auka má tilfinningu fyrir því að söfnin bjóði upp á fjölbreytta nálgun. Annað var nefnt er varðar sérstöðu safna og styrkingu hennar, en það var staða minjasafna úti á landi þegar kemur að jarðfundnum gripum sem finnast á þeirra svæði. Samkvæmt lögum fara gripirnir allir til varðveislu á Þjóðminjasafni Íslands og söfnum úti á landsbyggðinni gefst ekki kostur á að sýna þá, en það hlyti að auka á upplifun ferðamannsins að hafa tækifæri til að sjá forngripi af svæðinu í beinum tengslum við upplifun sína af náttúru svæðisins og menningu. Fjármagn skortir til að söfnum úti á landsbyggðinni gefist kostur á því að sýna þessa gripi og mæta um leið þeirri skyldu að varðveita þá.

Ljóst þótti af umræðum og fyrirlestrum málþingsins að allir innan sviðs safna og ferðþjónustu vilja það sama, þ.e. að söfnin séu virkir þátttakendur í ferðþjónustunni. Ef til vill skortir á að söfn fái aðstoð til að beita sér í auknum mæli á sviði ferðþjónustu, markaðsstofur landshlutanna reyna að sinna því eins og hægt er en hafi margt á sinni könnu. Þá var nefnt að söfnin gætu með sameiginlegu átaki betur náð til ferðþjónustuaðila með kynningum á starfsemi sinni. Með sameiginlegu átaki fengist frekar fjármagn til að standa undir veglegum kynningum sem geti keppt við það sem er þegar í boði fyrir ferðþjónustuaðila. Ferðþjónustan er almennt markaðsdrifið kerfi þar sem söluaðilar fá þóknun fyrir að selja vöru þeirra sem að stunda ferðþjónustu en þar eru söfnin að sjálfsögðu í veikri stöðu þar sem þau greiða ekki beina þóknun til slíkra aðila. Á sama tíma má ekki horfa framhjá því að söfnin eru þátttakendur í þessu samkeppnisumhverfi sem ferðþjónustan er, þau eru bæði í samkeppni um athygli þeirra sem þjónusta ferðamenn sem og athygli ferðamanna sjálfra. Söfn verða einnig að sýna tímaramma ferðþjónustuaðila tillit, flestir sem starfa innan ferðþjónustunnar eru að vinna með bókanir ferðamanna langt fram í tímann og skipulag ferða sem verða eftir eitt til tvö ár. Söfnin verða að kynna viðburði og sýningar mun fyrr og koma fyrr á framfæri upplýsingum um söfnin og starfsemi þeirra inná kynningarsíðum á netinu.

Að lokum var rætt um „skemmtanagildi“ en ljóst var af umræðunni að safnmönnum finnst varhugavert að láta ferðþjónustunni það eftir að búa til ramma um hvað er eftirsóknarvert að sjá inná söfnum. Eins var bent á að kyrrðin sem safnaheimsókn felur í sér geti verið aðdráttarafl fyrir ferðamanninn. Sanngildið verður alltaf að ráða umfram markaðshugmyndir og söfn verða að standa undir sínum lögbundnu skyldum. Það má þó segja að í raun keppa söfn og ferðþjónustuaðilar að hinu sama; að ferðamenn sem hingað sækja verði fyrir innblæstri á ferð sinni um Ísland.

Lokaorð

Að loknu málþingi um Söfn og ferðþjónustu þykir ljóst að ýmis verkefni eru fyrir hendi hjá þeim aðilum sem tengjast söfnum og ferðþjónustu á Íslandi.

Í erindum framsögumanna kom fram að umfang safnageirans hér á landi hefur aukist mikið á síðustu árum og margir fundarmanna létu í ljós þá skoðun sína að þeir höfðu í störfum sínum skynjað gríðarlegan áhuga erlendra ferðamanna á íslenskum menningararfi. Þar gegna söfnin vítt og breitt um landið lykilhlutverki, enda hafi kannanir meðal erlendra ferðamanna leitt í ljós mikinn áhuga á íslenskri menningu og sögu og að heimsókn á söfn væri liður í ferð margra ferðamanna til Íslands. Þetta undirstrikaði mikilvægi þess að efla samspil safna og ferðþjónustu og létu fundarmenn í ljós ánægju með málþingið sem vettvang fyrir slíkt samspil. Fjárskortur og undirmönnun er þó vandamál sem mörg söfn glíma við en aukinn áhugi erlendra ferðamanna á heimsóknum á söfn býður upp á nýja tekjumöguleika og ný sóknarfæri.

Ljóst er að bæði mikil þörf og mikill áhugi er fyrir því að halda áfram að skoða og efla samstarf safna við ferðþjónustuaðila með það að leiðarljósi að báðir aðilar hagnist. Með það að markmiði mun safnaráð í samstarfi við Rannsóknasetur í safnafræðum, Rannsóknamiðstöð ferðamála, námsbraut í safnafræði við Háskóla Íslands og námsbraut í ferðamálafræði við Háskóla Íslands efna til málstofu um fræðilegar rannsóknir um söfn og ferðþjónustu haustið 2017.